

Tillaga til 486. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 16. desember 2021

Tillaga frá 1180. fundi bæjarráðs, sem fram fór þann 13. desember 2021, um að bæjarstjórn samþykki að afturkalla þá ákvörðun sína að heimila útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Hafnarbakka 5, Flateyri, landnúmer 141100, er tekin var á 464. fundi bæjarstjórnar þann 5. nóvember 2020, á grundvelli umsóknar um endurnýjun á lóðarleigusamningi vegna fasteignarinnar með fasteignanúmerið 2126407. Þar með eru afturkölluð þau lóðarréttindi/leiguréttindi sem lóðarleigusamningur (grunnleigusamningur), dags. 24. nóvember 2020, ber með sér. Um heimild til afturköllunar vísast til 25. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Ástæða afturköllunar er sú að orðalag lóðarleigusamningsins er ekki nægilega skýrt um þau lóðarréttindi sem til stóð að úthluta, þar sem samningurinn ber með sér að leigutaka sé leigð öll lóðin að Hafnarbakka 5 og þar með undan fasteignum á lóðinni í eigu annars aðila. Lóðarleigusamningurinn hafi því orðið annars efnis en til stóð. Er bæjarstjóra falið að hlutast til um að gripið verði til annarra viðeigandi ráðstafana til að leiðrétta þá röngu réttarstöðu sem lóðarleigusamningurinn kann að teljast bera með sér.

11. Hafnarbakki 5, umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - 2020100029

Lagt fram minnisblað Birgis Gunnarssonar, dags. 10. desember 2021, varðandi lóðarleigusamning fyrir Hafnarbakka 5 á Flateyri, landnr. 141100, auk fylgigagna.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að afturkalla þá ákvörðun sína að heimila útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Hafnarbakka 5, Flateyri, landnúmer 141100, er tekin var á 464. fundi bæjarstjórnar þann 5. nóvember 2020, á grundvelli umsóknar um endurnýjun á lóðarleigusamningi vegna fasteignarinnar með fasteignanúmerið 2126407. Þar með eru afturkölluð þau lóðarréttindi/leiguréttindi sem lóðarleigusamningur (grunnleigusamningur), dags. 24. nóvember 2020, ber með sér. Um heimild til afturköllunar vísast til 25. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Ástæða afturköllunar er sú að orðalag lóðarleigusamningsins er ekki nægilega skýrt um þau lóðarréttindi sem til stóð að úthluta, þar sem samningurinn ber með sér að leigutaka sé leigð öll lóðin að Hafnarbakka 5 og þar með undan fasteignum á lóðinni í eigu annars aðila. Lóðarleigusamningurinn hafi því orðið annars efnis en til stóð. Er bæjarstjóra falið að hlutast til um að gripið verði til annarra viðeigandi ráðstafana til að leiðrétta þá röngu réttarstöðu sem lóðarleigusamningurinn kann að teljast bera með sér.